

Ed.

127. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um útflutningsgjald, nr. 70, frá 27. júní 1921, og lögum nr. 11, 29. maí 1925, um breyting á þeim lögum o. fl.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 70, frá 27. júní 1921, orðist svo:

Af öllum íslenskum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, nema landbúnaðarafurðum, hverju nafni sem nefnast, síld, fódurmjöli, fódurkökum og áburðar efnum skal greiða í rikissjóð 1% af verði afurðanna.

2. gr.

1. gr. laga nr. 11, 29. maí 1925, um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl., orðist svo: Fyrir »1%« í 1. gr. laganna komi: 1½%, nema af útfluttum landbúnaðarafurðum.

Greinargerð.

Íslenskur landbúnaður á nú við svo mikla erfiðleika að stríða, að óhyggilegt verður að telja að þvinga hann með útflutningstolli. Á síðastliðnu þingi var ljett af sjávarútveginum skatti af olíu, kolum, salti og síldartunnum, en af einhverri óaðgæslu hefir forgöngumönnum þeirrar breytingar láðst að veita landbúnaðinum þá sjálfsögðu rjettarbót, sem hjer er farið fram á. Að því leyti, sem útflutningsgjaldið gengur um stund til ræktunarsjóðs, er það þó bygt á misrjetti, þar sem þau hjeruð, sem selja afurðir sínar á útlendan markað, bera þennan skatt fyrir þau hjeruð, er njóta innlenda markaðsins fyrir framleiðsluvörur sínar.